

**Yfirlýsing stjórnar Vátryggingafélags Íslands hf. vegna hlutfjárslækkunar  
sbr. 3. mgr. 53. gr. laga nr. um hlutfélög nr. 2/1995**

Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, 108 Reykjavík („VÍS“) leggur eftirfarandi tillögu fyrir hluthafafund félagsins sem haldinn er miðvikudaginn 27. júní 2018:

„Hluthafafundur VÍS, haldinn 27. júní 2018, samþykkir að hlutfé félagsins verði lækkað á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutfélög, með greiðslu til hluthafa að fjárhæð kr. 1.800.000.000, og verður lækkunin greidd með afhendingu hlutabréfa í Kviku banka hf. Fjöldi hlutabréfa í Kviku banka hf. sem afhent verða hluthöfum á greiðsludegi skal miða við meðalverð viðskipta með hlutabréf í Kviku banka hf. síðustu fimm viðskiptadaga fyrir greiðsludag hlutfjárslækkunarinnar. Tillagan er samþykkt með fyrirvara um (1) samþykki Fjármálaeftirlitsins sbr. kröfur reglugerðar ESB nr. 2015/35, sbr. 51. gr. reglugerðar nr. 585/2017, (2) að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra veiti félaginu undanþágu frá innköllunarskyldu, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995, um hlutfélög og (3) að lögboðnum forsendum sé að öðru leyti fullnægt.


Lækkunin verður að nafnverði kr. 250.000.000 eða sem nemur 250.000.000 hlutum í VÍS. Lækkunarfjárhæð sem er umfram nafnverð, eða kr. 1.550.000.000, mun verða færð til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé félagsins.



Að því tilskildu að fyrirvörum hlutfjárslækkunarinnar verði fullnægt, skal greiðsla til hluthafa innt af hendi svo fljótt sem auðið er, en aldrei fyrr en sjö viðskiptadögum eftir að fyrirvörum er fullnægt. Skal félagið þá senda tilkynningu til kauphallar og upplýsa nánar um framkvæmd lækkunarinnar, þ.m.t. um greiðsludag. Við útgreiðslu til hluthafa skal miða við hlutaskrá félagsins í lok viðskiptadags fimm viðskiptadögum fyrir greiðsludag.



Útgreiðsla hlutfjárslækkunarinnar er skilyrt við að fjöldi hlutabréfa í Kviku banka hf., sem þarf til útgreiðslu hlutfjárslækkunarinnar, fari ekki umfram 300.000.000 hluti en sé skilyrðinu ekki fullnægt skal fallið frá hlutfjárslækkun.

Stjórn VÍS lýsir því hér með yfir að skuldir félagsins við lánardrottna séu því ekki til fyrirstöðu að framangreind hlutfjárslækkun fari fram, þ.e. úr kr. 2.202.642.307 í kr. 1.952.642.307 að nafnverði og að greidd sé hærri fjárhæð af eignum félagsins en sem nemur lækkunarfjárhæðinni, eða því sem samsvarar kr. 1.800.000.000.


Reykjavík, 6. júní 2018

  
Helga Hlín Hákonardóttir, stjórnarformaður

  
Gestur Breiðfjörð Gestsson  
  
Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir

  
Jón Sigurðsson  
  
Valdimar Svavarsson

Undirritaður endurskoðandi VÍS staðfestir hér með að ekkert hefur komið fram sem bendir til annars en að framangreind yfirlýsing félagsins sé rétt.

  
löggitur endurskoðandi hjá PricewaterhouseCoopers ehf.